

1. janúar 2020

## Nýtt rafrænt slysaskráningarkerfi

Vinnueftirlitið hefur tekið í notkun nýtt slysaskráningarkerfi frá 1. janúar 2020 en samhliða því hefur verið hætt að taka við tilkynningum á eldri pappírsformum. Tilgangur hins nýja kerfis er að gera tilkynningu vinnuslysa til Vinnueftirlitsins aðgengilegri ásamt því að stuðla að betri og nákvæmari skráningu vinnuslysa á Íslandi. Leiðir það aftur til bættra tölfræðiupplýsinga um vinnuslys hér á landi.

Kerfið er einnig hluti af samræmdu slysaskráningarkerfi í Evrópu (e. *European Statistics on Accidents at Work (ESAW)*) en það tryggir samanburðarhæfni milli þjóða og verður þannig auðveldara að bera vinnuslys á íslenskum vinnumarkaði saman við slys í öðrum Evrópuríkjum. Dagsetning slyssins ræður því hvaða form fylla þarf út.

Nauðsynlegt er að skrá sig inn í nýtt kerfi með rafrænum skilríkjum eða Íslykli og eru notendur leiddir áfram í gegnum notendavænt viðmót þar sem farið er yfir skráningu á nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við hlutaðeigandi slys. Nálgast má skráningu í kerfið á Mínum síðum Vinnueftirlitsins <https://minarsidur.ver.is/>.

Vinnueftirlitið áréttar þá skyldu atvinnurekanda að tilkynna til stofnunarinnar innan viku öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

[Tilkynna vinnuslys](#)